



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1300

FUNDARBOÐ

**1300. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
8. október 2019 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1802269 - Heilsueflandi samfélag

Samningurinn um innleiðingu Heilsueflandi samfélags var undirritaður þann 1. október síðastliðinn.

2. 1904196 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 12 við fjárhagsáætlun ársins 2019 á fundi sínum þann 26. september 2019. Viðaukinn felur í sér tilfærslu á milli liða í áætluninni og hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu. Bæjarráð vísar viðaukanum til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

3. 1909203 - Styrkir til greiðslu fasteignaskatts 2019

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 26. september síðastliðinn viðauka nr. 13 að upphæð kr. 2.178.181 við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna styrkja til greiðslu fasteignaskatts. Útgjöldum verður mætt af óvissum útgjöldum 20830-5946 að sömu fjárhæð.

Úthlutun fasteignastyrkja fyrir árið 2019 er eftirfarandi:

Akur frímúrarastúka kr. 779.752 (færist á 0789-5948)

Oddfellow kr. 614.507 (færist á 0789-5948).

Skátafélag Akraness kr. 354.158 (færist á 0589-5948).

Rauði Krossinn kr. 151.171 (færist á 0689-5948).

Hestamannafélagið Dreyri kr. 278.593 (færist á 0689-5948).

Bæjarráð vísar samþykkt viðauka til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðun.

4. 1909196 - Breið - sjóvörn

Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi vegna endurbyggingu sjóvarna við Breiðina. Heildarlengd 180m, grjótmagn 2.000 m³ úr námu, upptekt og endurröðun 650 m³.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt vegna framkvæmdarinnar.

5. 1903241 - Akraneshöfn, endurbætur á aðalhafnargarði - Umsókn um framkvæmdaleyfi

Umsókn Faxaflóahafna um framkvæmdaleyfi vegna aðalhafnargarðar Akraneshafnar en um ræðir framlengingu á hafnarbakka, dýpkun hafnar, framlengingu á brimvarnargarði og öldudeyfingu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt og að ákvæði deiliskipulags Akraneshafnar varðandi lengingu brimvarnargarðs skulu höfð til hliðsjónar við framkvæmdina.

Fundargerðir til kynningar

6. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

3384. fundargerð bæjarráðs frá 26. september 2019.

7. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfisráð

125. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 9. september 2019

127. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 30. september 2019.

8. 1901007 - Fundargerðir 2019 - skóla- og frístundaráð

114. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 1. október 2019.

9. 1901006 - Fundargerðir 2019 - velferðar- og mannréttindaráð

111. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 30. september 2019.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.